

Stjórnarfundur ÍTF 10. maí 2024

Mættir fulltrúar: Orri, Jón Rúnar, Guðbjörg, Heimir, Baldur og Samúel á Teams.

Fjarrverandi: Styrmir

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:00

Fyrir var tekið:**1. OZ staða mála**

- Birgir fór yfir stöðu mála en það hafa komið upp vandamál í kringum framleiðsluna á leikjunum í fyrstu umferð sem og afhending á sjónvarpsmerkinu til okkar samstarfsaðila. Tveir samningar í gangi við OZ, framleiðslusamningur á Lengjudeild og svo Media Hub samningur sem nær yfir afhendingu og geymslu á leikjum.
- Í lok síðasta árs var Halldóri sagt upp af OZ. Halldór sá um Media Hub og var í miklum samskiptum við félögin og ÍTF og höfðum við ekki yfir neinu að kvarta gagnvart hans störfuð sem snéru að okkur. OZ réð þá innanbúðaraðila til að sjá um Media Hub en sá aðili hætti við rétt fyrir upphaf Bestu deildar. OZ tók þá ákvörðun í framhaldinu að ráða fyrirtæki frá Indlandi sem tók yfir hlutverk og skyldur samkvæmta Media Hub samningi. Í stuttu máli réðu þessir aðilar alls ekki við verkið og var mikil óánægja meðal félaga í Bestu og Lengjudeild sem og ÍTF. Birgi falið að taka málið áfram með Stefáni Geir lögmanni ÍTF og funda með OZ.
- Framleiðsla á leikjum í Lengjudeild hefur ekki gengið vel í upphafi og eru upptökur frá leikjum með OZ vélum ekki í þeim gæðum sem við getum sætt okkur við. Birgi falið að taka málið áfram með OZ og vinna að úrbótum.

2. Fréttir af KSÍ

- Nýr framkvæmdastjóri KSÍ hefur verið ráðinn. 46 aðilar sóttu um og voru 8 aðilar teknir í viðtöl. Stjórn ÍTF lýsir yfir ánægju með það að Eysteinn framkvæmdastjóri Breiðabliks hafi verið ráðinn og óskum við honum velfarnaðar í starfi og hlökkum til samstarfsins.
- Samstarfsverkefni um veðmálafræðslu. Birgir fór yfir stöðu málsins en skrifstofa ÍTF hefur undanfarna mánuði fundað og unnið að veðmálafræðslu samkvæmt viðurkenndu námsefni frá Sænsku deildarsamtökunum (Svensk Elitfotboll). Verið er að þýða námsefnið yfir á íslensku og setja upp námsefnið og könnunina fyrir ÍTF hjá sænsku deildarsamtökunum. ÍTF hefur óskað eftir samstarfi við KSÍ um verkefnið og hefur það mál dregist. Það er von okkar að aðilar vinni saman að þessu mikilvæga samfélagslega verkefni.

**ÍTF**

Íslenskur Toppfótbolti

Fornubúðir 5

220 Hafnarfjörður

toppfotbolti@toppfotbolti.is

- c. Birgir fór yfir greiðslur til aðildarféлага vegna Mjólkurbikars og hvernig tekjur frá Genius Sports koma til okkar vegna þeirra réttinda sem tilheyra KSÍ enda greiddar fyrir Mjólkurbikarinn. Birgi falið að svara KSÍ og leggja það til að upphæðin verði viðskiptafærð á reikning ÍTF og greitt út í lok keppnistímabils þegar seinni greiðslan kemur frá Genius og greiðslur vegna þátttöku í bikarnum eru greiddar út til aðildarféлага.
- d. Nefndir KSÍ sem samþykktar voru á síðasta ársþingi hafa verið full mannaðar. Það er því ekki eftir neinu að bíða og Birgi falið að ýta nefndum af stað.

3. Besta deildin

- a. Mjög góð mæting er á leiki í Bestu deild karla en í samanburði við síðasta ár þá er aukningin rétt undir 20% í fyrstu 6 umferðunum.
- b. Góð mæting er á leiki í Bestu deild kvenna en í samanburði við síðasta ár þá aukningin rétt yfir 10% í fyrstu 5 umferðunum.
- c. Leikmannaspjöldin eru tilbúin og eru farin í sölu. Mikil ánægja er með spjöldin og samstarfið við Nike. Félögin munu fá 1 kassa per lið til að kynna á sínum heimaleikjum.
- d. ÍTF, SÝN og Opta hafa skrifað undir samstarffsamning og mun OPTA útvega Stöð 2 sport aðgang að tölfræðigögnum beint í leikjum og hefur Stöð 2 samið við Brimborg sem sinn samstarfsaðila. Samhliða þessu mun Fantasy leikur Bestu deildar karla bera nafnið Ford Fantasy leikur Bestu deildar.
- e. Mikil og jákvæð umfjöllun er um Bestu deildirnar og helst það í hendur við góða mætingu. Vörumerkið Besta deildin hefur náð að festa sig rækilega hjá almenningi.
- f. ÍTF er að vinna í samstarfið við Artic Adventures, Íslandsstofu og Icelandair að fá fleiri erlenda ferðamenn á leiki í Bestu deildinni. ÍTF vinnur að því að búa til markaðsefni sem verður sett inn á vefsíður Artic Adventures og einnig kynningarmyndbanda af deildinni og leikmönnum sem mun fara inn í myndbandskerfið hjá Icelandair.

4. Ársþing European Leagues

- a. Orri og Birgir fóru á aðalfund European Leagues sem haldinn var í London og í boði Premier League. Fundurinn var afar góður og nýttum við ferðina til að funda með Genius Sports en höfuðstöðvar þeirra eru í London.
- b. Það sem bara helst á góma voru breytingar á samstöðubótum UEFA sem eru greiddar til féлага sem ekki taka þátt í riðlakeppni UEFA og kallast NPC. Þær greiðslur er í dag 1. milljón evra sem deilist á 12 félög. Þessar greiðslur munu hækka í rúmar 2. Milljónir evra og einnig verður greiðslum flýtt. Í dag er greitt rúmu ári seinna eftir að keppni lýkur en viðræður er í gangi við UEFA að greiða þetta í tvennu lagi (70% í haust 2024 og 30%) í júlí 2025.

5. Stefnumótun

- a. Birgir fór yfir stöðu samstarfssamninga við ÍTF en öll deildarsamtök í Evrópu eru með slíka samninga við sín aðildarfélög. Einnig spurðist ÍTF fyrir hvort deildarsamtök væru almennt með samstarfssamning við sitt knattspyrnusamband og var yfirgnæfandi meirihluti með slíka samning í gangi. Birgi falið að hafa samband við þau félög sem ekki hafa enn skrifað undir samninginn og óska eftir formlegri afstöðu þeirra gagnvart slíkum samstarfssamningi.

6. Fjármál

- a. Birgir fór yfir 3 mánaða uppgjör ÍTF en reksturinn er á pari miðað við fjárhagsáætlun. Næst verður farið yfir 6 mánaða uppgjör ÍTF.

7. Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:30